


GUÐMUNDUR BJÖRGVINSSON LISTMÁLARI OG RITHÖFUNDUR:

Guðmundur Björgvinsson list máleri og rit höfundur opnaði málverkasýningu á Kjarvalsstöðum sl. laugardag. Sýningin ber yfirskriftina „Martin Berkofsky spilar ungverska rapsódíu nr. 10 eftir Franz Liszt“ - sérkennilegt nafn á málverkasýningu en Guðmundur hefur skýringar á reiðum höndum. „Kveikjan að þessari sýningu var konsert sem Martin Berkofsky hélt í Þjóðleikhúsinu 18. febrúar 1985. Meðan á leik hans stóð fór ég í eins konar ferðalag á baki tónlistarhryssunnar og eru málverkin tilraun til að festa á léreft örlítið brot af þeim myndum sem urðu á vegi mínum í þessu ferðalagi. Einsog öll ferðalög hefst þetta ferðalag á upphafinu. Og upphafið er myrkur. Svartur litur. Ekkert. Ekkert er svart. Svarti liturinn er fyrirsláttur eða yfirvarp. Í honum leynast allir litir. Og allt getur gerst. Himinn og jörð verða til. Guðir og menn. Allt stígur útúr engu. Verði ljós! Og það verður ljós. Ljósíð aðskilur manninn frá óskapnaðinum. Maðurinn kemur reiðu á óskapnaðinn. Ferðalagið er sköpun heimsins. Ferðalagið er fæðing, líf og dauði. Ferðalagið er listsköpun. Ferðalagið er myndbreyting. Allt hangir saman einsog ógnarlangur ormur sem hlykkjast um heima alla. Í senn skepna og drumbur, grjót og gras, guð og djöfull. Maðurinn er höfuð ormsins. Ekkert stendur eitt og sér. Edvard Munch er púpustig Franz Kline, Leonardo da Vinci lirfan, myrkríð er eggíð. Sá sem leggur af stað á vængjaðri hryssu tónlistarinnar á ekki afturkvæmt. Hann verður um eilífð á sveimi einhvers staðar í sjöunda himni.“



Guðmundur Björgvinsson listmálari og rithöfundur.

„Er um eilífð á sveimi einhvers staðar í sjöunda himni“

Þessi hugleiðing Guðmundar er lykllinn að skilningi á hugmyndum hans um listina, eigin verk og stöðu listamannsins í tilverunni. Uppspretta listsköpunarinnar og samhengi sögu og hluta eru honum hugleikin viðfangsefni, bæði í myndlistinni og í skáldsögunum tveimur, Allt meinhægt(1982) og Næturflug í sjöunda himni(1985). „Uppspretta allrar listsköpunar er einhver sameiginlegur kjarni. Listamaðurinn velur sér farveg fyrir tjáningarþörfina en margir hafa sagt það nánast tilviljun hvaða grein varð fyrir valinu. Myrkríð - svarti liturinn - er sá kjarni sem allt sprettur úr. Ljósíð getur birst í formi pensils, penna

Samtal um lífið, listina og samhengi hlutanna

eða hugans, hverju því sem kemur reiðu á hlutina“, segir Guðmundur. „Mín níðurstada er sú að þetta er allt sami hluturinn. Ég beini mínum kröftum í tvo farvegi, myndlist og ritstörf, og ég hef grun um að afköstin yrðu ekki meiri í öðru þó ég legði hitt á hilluna. Ég tek skorpur sitt á hvað, einn til tvo mánuði skrifa ég, næstu tvo mála ég og sný mér síðan aftur að handritinu af endurnýjuðum kröftum.“

Myndlistarnám og námsferill

„Ég fór út til Kaliforníu árið 1974 og lagði stund á háskólanám

í sálarfræði, mannfræði og myndlist um tveggja ára skeið. Ég ætlaði að verða sálfræðingur en fékk leið á því og sneri mér að myndlistinni. Ég kom svo heim 1976, stórskuldugur eftir þessa námsdvöl og tók mér tíma til að greiða þær.

Jafnframt var ég í Háskólanum og stundaði nám í sálarfræði, mannfræði og listasögu. Ég er próflaus maður en þetta háskólanám veitti mér akademíska skólun sem hefur nýst mér vel við vinnu mína. Reynsla mín af eiginlegu myndlistarnámi er lítil en aðalkosturinn hlýtur að vera sá að fá stöðug viðbrögð frá kennurum og samnemendum. Kennarar, list-

fræðingar og gagnrýnendur hafa þó þann sameiginlega galla að segja aldrei: mér finnst..., heldur: þetta er svona... Þetta er galli við kennslu og gagnrýni.

Tveggja ára vinna að baki sýningunni

Ramminn að sýningunni er flutningur Martins Berkofskys í Þjóðleikhúsinu á rapsódíu Franz Liszts fyrir tveimur árum. Sýningin er þó ekki myndskreyting við tónverkið heldur úrvinnsla mín á þeirri upplifun sem ég varð fyrir við að hlusta. Fyrsti hluti sýningarinnar er eins konar ferðalag inn í auga Liszt og það má skoða sem